

Fundur í sveitarstjórn.

3. aukafundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri mánudaginn 23. júní 2014 og hófst kl 17:00.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð . Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir að bæta við einum lið við dagskrána sem yrði þá nr 12, Innsent erindi um daggæslumál. Enginn hreyfði mótmælum við því

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar Langanesbyggðar nr 106/2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 11.06.2014**
Lögð fram til kynningar
- 3. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar Langanesbyggðar dags 11.06.2014**
Lögð fram til kynningar
- 4. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags 13.06.2014**
Lögð fram til kynningar
Siggeir lýsti sig vanhæfan í afgreiðslu liðs 1 og 2. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða
Ákveðið að fresta afgreiðslu liðar 1 og 2 til næsta fundar.
Skrifstofustjóri sendir lóðablöð með næstu fundargögnum til kynningar.
- 5. Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014-2018**
Tillaga um að verðandi sveitarstjóri verði aðalmaður og Hilma Steinarsdóttir oddviti varamaður. Samþykkt samhljóða. Gengið verður frá kjörbréfinu og það sent eftir ráðningu á nýjum sveitarstjóra.
- 6. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu –Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga dags 28.05.2014**
Lagt fram til kynningar
- 7. Bréf frá Vegagerðinni – svar við úthlutun styrkvega dags. 11.06.2014**
Lagt fram til kynningar.
Erindið sent á Atvinnu, menningar og ferðamálanefnd og Landbúnaðarnefnd og óska eftir tillögum um í hvað skynsamlegt sé að nýta styrkinn árið 2014. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða
- 8. Bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra Norður-Þingeyjarsýslu dags. 01.06.2014**
Lagt fram til kynningar
- 9. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 12.06.2014**
Lagt fram til kynningar
- 10. Svarbréf til Motus vegna innheimtuþjónustu dags 14.06.2014**
Lagt fram til kynningar
- 11. Bréf til Vegagerðarinnar – Gunnólfsvíkurfjall ferðamannavegur dags. 11.06.2014**
Lagt fram til kynningar.

12. Erindi vegan daggæslumála

Verið að óska eftir svörum varðandi lausn á dagvistunar/leikskólamálu í Langanesbyggð. Ljóst er að leita þarf varanlegra úrræða vegna daggæslu í Langanesbyggð.

Ákveðið að auglýsa eftir dagforeldri í Langanesbyggð sem fyrst. Samþykkt samhljóða. Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram og leggja fram gögn á næsta fund.

13. Fundarboð á aðalfund Sparisjóðs Norðurlands þann 30. júní 2014

Lagt fram til kynninga.

14. Aðalfundarboð á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga þann 26. júní 2014

Lagt fram til kynningar. Lagt til að Þorsteinn Ægir fari á fundinn. Samþykkt samhljóða.

15. Umsókn um tækifærisleyfi á Káta daga dags 13.06.2014

Hulda fór yfir skipulagið fyrir Káta daga.

Hulda Kristín telur sig vanhæfa til að taka þátt í afgreiðslu um málið. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Tækifærisleyfið fyrir Káta daga borið undir fundarmenn og samþykkt með 5 atkvæðum. Einn var á móti.

16. Beiðni um stuðning við starf Hróksins dags 11.06.2014

Lagt fram til kynningar.

Langanesbyggð getur ekki veitt styrk til starfs Hróksins að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

17. Tilboð í málun á Miðholti 10

Lagt fram til kynningar

18. Tilboð í málun á Bakkavegi 23

Lagt fram til kynningar

19. Sveitarstjóri í Langanesbyggð – auglýsing

Drög að auglýsingu lögð fram til kynningar. Lagt til að auglýsingin verði sett á heimasíðu sveitarfélagsins og í Morgunblaðið. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Skrifstofustjóra falið að senda auglýsinguna og setja hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

20. Skýrsla skrifstofustjóra

a. Afhending innanhúsuppgjöra jan-apríl 2014

Skrifstofustjóri afhenti möppur með rekstraruppgjörum fyrir hvern mánuð, janúar til apríl.

b. Staða á framkvæmdum 2014

Búið er að setja allar framkvæmdir af stað og eru þær mislangt komnar. Á síðasta sveitarstjórnarfundum var farið yfir yfirlit með framkvæmdum 2014. Ítarlegra verður farið yfir þetta á næsta fundi sveitarstjórnar.

c. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Lagt til að næsti reglubundni sveitarstjórnarfundur falli niður og að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 10. júlí n.k.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, Fundargerð upplestin og samþykkt samhljóða
Fundu slitið kl 18:32